

Útvarpsréttarnefnd skal kjörin fyrsta sinni við gildistöku laga þessara og sitja til ársloka 1989.

Stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva skal skipuð fyrsta sinni fyrir árslok 1985.

Þrátt fyrir það sem segir í 2. tl. 3. gr. er utanríkisráðuneytinu heimilt að veita varnarliðinu leyfi til áframhaldandi útvarpsrekstrar, sbr. lög nr. 110/1951 og lög nr. 106/1954, og skal þá tekið mið af ákvæðum I. kafla að svo miklu leyti sem við getur átt.

Lög þessi skal endurskoða innan þriggja ára frá setningu þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 27. júní 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ragnhildur Helgadóttir.*

## LÖG

### um þátttöku ríkisins í hlutafélagi til að örva nýsköpun í atvinnulífi og um heimildir annarra aðila til þátttöku í félaginu.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er hafi það markmið að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi og efla arðsama atvinnustarfsemi. Hlutfé félagsins verði að minnsta kosti 200 milljónir króna.

#### 2. gr.

Til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal kveðja innlenda aðila sem áhuga hafa á málinu.

#### 3. gr.

Viðskiptabönkum, váttryggingafélögum, líftryggingafélögum og fjárfestingarlánasjóðum skal, þrátt fyrir ákvæði í lögum sem hamla eða banna þessum aðilum hlutabréfakaup í eigin nafni, heimilt að gerast hluthafar í hlutafélagi því sem stofnað verður samkvæmt 1. gr.

#### 4. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi sem ræðir um hér að framan:

1. Að leggja fram í reiðufé 100 milljónir króna sem hlutfé í félagi samkvæmt 1. gr. Ef nauðsynlegt reynist til þess að náð verði því lágmarkshlutfé sem greinir í 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að leggja fram sem hlutfé allt að 100 milljónum króna til viðbótar framangreindu 100 milljóna króna framlagi. Framlag ríkissjóðs skal tekið af fé ríkissjóðs eða af lánsfé sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita einstaklingum og félögum í atvinnurekstri lán til allt að fjögurra ára til kaupa á hlutabréfum í hlutafélagi skv. 1. gr. Skal heimilt að lána af fé ríkissjóðs eða af lánsfé, sem ríkisstjórninni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni, til greiðslu á allt að helmingi

hlutafjárloforða þessara aðila enda séu boðnar fram fullnægjandi tryggingar. Lánin skulu vera verðtryggð og bera venjulega vexti.

3. Að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að 500 milljónum króna er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar. Leitað skal heimildar til lántöku í lánsfjárlögum hverju sinni.

5. gr.

Hlutabréf í hlutafélagi samkvæmt 1. gr. skulu undanþegin stimpilgjöldum.

6. gr.

1. gr. Forsætisráðherra fer með mál er varða eignaraðild ríkisins að hlutafélagi samkvæmt

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Fjöldi stofnenda hlutafélagsins og hluthafa í félaginu má vera óháður takmörkunum 2. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög. Að öðru leyti fer um stofnun og stjórn félagsins samkvæmt hlutafélagalögum.

*Gjört í Reykjavík, 1. júlí 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Steingrímur Hermannsson.*

## LÖG

### um Framkvæmdasjóð Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Framkvæmdasjóður Íslands (á ensku The Development Fund of Iceland) er eign ríkisins og heyrir undir forsætisráðherra.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Framkvæmdasjóðs.

2. gr.

Hlutverk Framkvæmdasjóðs er að annast innan ramma lánsfjárlaga og annarra laga, eftir því sem við á, milligöngu um lántökur fyrir fjárfestingarlánasjóði og aðra sambærilega aðila sem þess óska. Má sjóðurinn í því sambandi taka erlend lán í eigin nafni og endurlána.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar sjóðnum stjórn þriggja manna til fjögurra ára í senn, einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnarinnar.